

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Akureyri 7. apríl 2026

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, 556. mál.

Undirritaður hefur starfað sem löggiltur endurskoðandi í hart nær 30 ár. Hér er því ritað af reynslu og fyrir hönd margra sem starfa við fagið en endurskoðendur hafa því miður verið of hljóðlátir um stöðu stéttarinnar sem er grafalvarleg. Starf endurskoðenda hefur ætíð verið álagsmikið. Nú er svo komið að álag sem fylgir starfinu er orðið svo óbærilegt að lífshættulegt er orðið. Ábyrgð löggjafans er því mikil ef hann ætlar að viðhalda lífshættulegu ástandi stéttarinnar sem virðist því miður vera raunin miðað við boðaðar breytingar. Fáum dylst þær gríðarlega auknu kröfur sem gerðar hafa verið til endurskoðenda undanfarin ár um skil af ýmsu tagi, aukið eftirlit, fjölgun félaga almennt og stöðug fjölgun félaga sem endurskoðun þurfa eingöngu vegna raunlækkunar endurskoðunarmarka skv. 98. gr. laga um ársreikninga. Þá hefur skatturinn og tengdar stofnanir stöðugt þrengt að stéttinni með skemmri skilafrestum af ýmsu tagi og nú síðast með fyrirvaralausri styttingu skila á ársreikningum félaga um 10 daga fyrir árið 2026 án haldbærra skýringa.

Undirritaður hefur ekki tölu á því hversu mikið félögum, sem skylt er að kjósa endurskoðanda til að láta endurskoða ársreikninga, hefur fjölgað og getur einungis talað út frá eigin reynslu í því sambandi. Félög sem svo er ástatt fyrir hafa margfaldast án þess að nokkur eiginleg breyting hafi orðið önnur en verðryrnun þeirra stærðarmarka sem löginn kveða á um. Það veldur gríðarlegu álagi ofan á aðrar viðbótar kröfur enda lítill greinarmunur gerður á litlu félagi sem rétt fer yfir stærðarmörk eða stóru skráðu félagi á markaði. Öllum er gert að fara eftir sama staðlaverki þegar að endurskoðun kemur.

Þegar undirritaður hlaut löggildingu til endurskoðunarstarfa árið 2000 voru starfandi endurskoðendur við fagið 287 talsins og félög sem falla undir lög um ársreikninga í kringum 10.000. Þess má jafnframt geta að þá var skattframtal viðkomandi félaga 1 blaðsíða þar sem leiddir voru út skattstofnar til skattlagningar á einfaldan hátt. Í dag hefur starfandi endurskoðendum fækkað frá framangreindri tölu og félög u.þ.b. sjöfaldast og eru í kringum 70.000 (óstaðfest tala) sem falla undir lög um ársreikninga. Leiðbeiningarbæklingur einn og sér um útfyllingu skattframtals telur orðið 50 blaðsíður og eyðublöðin að verða óteljandi sem fylla þarf út í tengslum við skattskil félaga þar sem búið er að tengja saman skil fyrir hina ýmsu skattstofna.

Þá hefur meðalaldur starfandi endurskoðenda hækkað umtalsvert enda er brottfall úr stéttinni mikið meðal yngra fólks sem ekki er tilbúið að láta bjóða sér hið mikla álag sem starfinu fylgir. Þannig er endurskoðunarstéttin þá þegar orðin ósjálfbær til framtíðar og fyrirséð að hún geti ekki sinnt

atvinnulífinu með þeim hætti sem löggjafinn krefst, meðal annars með þeim breytingum sem hér eru boðaðar.

Sú boðaða breyting að einungis sé ætlunin að hækka endurskoðunarmörk 98. gr. um 25% þegar verðryrnun á sama tíma hefur orðið um 60% eru mikil vonbrigði og staðfesta í raun að ætlunin sé að festa í sessi óbærilegar skyldur í þessum eignum án þess að fullrar vitneskju hafi verið aflað hvort í landinu sé nægjanlegur fjöldi endurskoðenda til að sinna þessum skyldum. Undirritaður telur að svo sé ekki og að vísbendingar séu um að staða stéttarinnar muni versna til muna í ljósi núverandi aldurs samsetningar hennar og þegar horft er til fjölda þeirra sem löggildingu hljóta á hverju ári og brottfalls ungs fólks úr stéttinni. Af frumvarpinu að dæma verður ekki séð að nein athugun eða rannsóknir hafi farið fram af hálfu löggjafans um getu stéttarinnar til að sinna þeim kröfum sem til hennar er ætlast. Undirritaður telur nauðsynlegt að kannað verði með nákvæmum hætti hver geta stéttarinnar er og ástand stéttarinnar að öðru leyti áður en jafn viðtækar breytingar eru festar í sessi líkt og frumvarpið kveður á um.

Undirritaður telur því að þurfi gera mun viðtækari breytingar en þær sem boðaðar eru í frumvarpinu. Skiptir þar mestu að endurskoðunarmörk verði að lágmarki hækkuð sem nemur þeirri verðryrnun sem orðið hefur. Það eitt og sér er þó ekki nægjanlegt, svo alvarlegt er ástand stéttarinnar en lítið sem ekkert samráð virðist hafa verið haft við endurskoðendur við gerð þessa frumvarps. Rétt er að minna á að í dag eru löggiltir endurskoðendur í raun réttindalausir starfi þeir ekki á endurskoðunarskrifstofu sem er félag með starfsleyfi til endurskoðunar. Hver sem er getur því í raun sinnt þeirra störfum miðað við núverandi löggjöf ef félög eru ekki endurskoðunarskyld. Þetta er mikil sóun á hæfu fólki. Hafi löggjafinn raunverulegar áhyggjur af gæðum ársreikninga félaga má til dæmis breyta stærðarmörkum 98. gr. ársreikningslaga á þann hátt að félögum sem nú eru enn skilgreind sem lítil félög, og eru endurskoðunarskyld, sé skylt að kjósa endurskoðanda sem yfirfer ársreikninga félagsins. Þannig þyrftu einungis millistór og stór félög að vera endurskoðunarskyld. Með þessu má búa til stöðu fyrir löggilta endurskoðendur sem í raun hafa engin réttindi í dag enda eru mikil gæði fólgin í því að endurskoðendur komi að yfirferð ársreikninga félaga hvort sem ársreikningar eru endurskoðaðir eða ekki.

Virðingarfyllst,

Gunnlaugur Kristinsson

Gunnlaugur Kristinsson, löggiltur endurskoðandi
gunnlaugur@gke.is